



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi um bókina
Uppgjör um umheiminn
4. maí 2002

Ágætu málþingsgestir.

Rannsóknir íslenskra sagnfræðinga hafa á undanförunum árum fært okkur fróðleg rit sem á margan hátt varpa nýju ljósi á sögu Íslendinga á tuttugustu öld. Við erum nú betur í stakk búin til að fjalla af þekkingu og yfirsýn um atburði, stjórnmal og þjóðfélagsþróun sem úrslitum hafa ráðið. Heimilda hefur verið leitað mun víðar en áður og aðgangur að erlendum skjalasöfnum nýttur til að breikka þá mynd sem íslensk gögn gefa og til að sannreyna hvort sá veruleiki sem birtist í umræðum og frásögn hér heima sé í samræmi við það sem erlendum fulltrúum var tjáð í trúnaði. Íslandssagan hefur á þennan hátt orðið afar frjór fræðilegur vettvangur og þjóðin hefur kunnað vel að meta framlag hinnar nýju kynslóðar sagnfræðinga.

Það er reyndar merkilegt hve mikil breyting hefur í þessum efnum orðið á fáeinum áratugum. Nokkrar blaðsíður í Íslandssögu Jóns Aðils voru eina lesefnið sem á menntaskólaárum mínum var helgað sögu síðustu aldar og sagnfræðiritin sem þá voru að koma út voru einkum ævisögur foringja sjálfstæðisbaráttunnar skráðar í miklum lofssöngsstíl.

Það var kannski sláandi dæmi um viðhorf kennaranna hvernig ágætur lærifaðir minn brást við ritgerð sem ég skrifaði í jólafríinu í sjötta bekk um fyrsta bindi af ævisögu Hannesar Hafstein eftir Kristján Albertsson sem þá var nýkomið út. Mér fannst eitthvað óeðlilegt við það hvernig aðdáun höfundarins á Hannesi Hafstein litaði frásögnina og notaði því nokkuð oft í ritgerðinni orðið „goðmennið“ um Hannes. Þegar kennarinn skilaði einkunnum eftir hátíðarnar og gaf mér 9.0 var ég nógu arrógant til að spyrja hvers vegna ég hefði ekki fengið hærra. „Lélegur frágangur“ var svarið og þá sá ég að minn ágæti kennari hafði alls staðar sett kommu yfir o-ið í orðinu goðmenni. Slík var sýn hans á ævisögu Hannesar að ég hlaut að hafa ætlað að skrifa „góðmennið“.

Í rauninni eru ljósár á milli þeirra viðhorfa sem þá ríktu til Íslandssögunnar og þeirra öguðu vinnubragða sem setja svip á hina merku bók Vals Ingimundarsonar *Uppgjör við umheiminn*. Valur hefur með þessu verki náð að skapa ný viðmið í rannsóknum á íslenskri nútímasögu og önnur rit hljóta á næstu árum að verða metin með hliðsjón af efnistöfum hans, heimildaleit, yfirvegaðri dómgreind og tilraunum til að varpa ljósi á atburðarásina á vettvangi íslenskra þjóðmála með liðsinni ýmissa kenninga sem sett hafa svip á sagnfræði og félagsvísindi á alþjóðlegum vettvangi.

Rannsóknir Vals sýna glögglega að ekki er unnt að fá sannferðuga mynd af atburðarásinni, viðhorfum og vilja íslenskra forystumanna með því að styðjast einvörðungu við íslenskar heimildir. Greinargerðir og minnisblöð erlendra áhrifamanna, bæði sendimanna og háttsettra embættismanna í Brussel, London og Washington, eru nauðsynleg viðbót til að fá raunsanna mynd af ákvörðunum og athöfnum ráðherra, alþingismanna og annarra sem þátt tóku í baráttunni á hinum íslenska heimavelli. Það er reyndar meðal merkari nýjunga sem rit Vals leiðir í ljós að sýna okkur hve mörgum skjöldum var leikið, hve ólíkar áherslurnar voru og jafnvel stefnan sjálf eftir því við hvern var talað.

Uppgjör við umheiminn er afdráttarlaus vitnisburður um að rétt mynd af Íslandssögu tuttugustu aldar mun ekki fást nema leitað sé ítarlega fanga í erlendum skjalasöfnum og í því efni munum við njóta góðs af þeim reglum sem gilda í Bandaríkjunum og Bretlandi um aðgang að slíkum gögnum. Reyndar var mér hugsað til þess í nýlegri Rússlandsferð að í fyllingu tímans hljóta Rússar einnig að opna flest sín gömlu stjórnarskjöl með sambærilegum hætti. Það verður fróðlegt að getað aukið skilning okkar með því að bæta í efnissafnið hinum rússnesku frásögnum og samvinna íslenskra og rússneskra stjórnvalda um rannsóknir á stjórnarskjölum og útgáfu þeirra mun vonandi skila okkur drjúgum feng. Einnig vöknudu við lestur bókarinnar spurningar um þær skýrslur sem norrænir, þýskir og franskir sendimenn á Íslandi hljóta að hafa sent húsbændum sínum á þessum árum.

Valur dregur fram í dagsljósið fjölda nýrra upplýsinga og tengir þær vel við þá atburðarás sem opinberlega blasti við á vettvangi dagsins og það er nánast aðdáunarvert hve vel honum tekst að sýna framgöngu sömu manna á ólíkum leiksviðum, oft nánast samtímis, án þess að fella með orðavali eða framsetningu dóma yfir þeim sem á svo margræðan hátt gengu til leiks.

Það er líka afar fróðlegt að fá í ritinu glögga sýn á samtvinnun þeirra stórmála sem á dagskrá voru einkum í ljósi þeirrar breyttu heimsmyndar

sem nú blasir við og með hliðsjón af þeim málefnum sem nú eru forgangsefni og virðast stundum nánast hversdagsleg í samanburði.

Höfundur dregur ekkert undan til að sýna að djarft var teft af Íslands hálfu og grunnstoðir íslenskrar utanríkisstefnu í áratugi léku á reiðiskjálfi, oft mátti litlu muna að stigin yrðu örlagaskref sem ekki yrðu aftur tekin. Atburðarásin var ægihróð og spennan slík að oft vissu foringjarnir ekki hvað nýr dagur bæri í skauti sínu. Og það var mikið í húfi: Lífshagsmunamál Íslendinga, útfærsla landhelginnar og grundvöllur að efnahagslegum framförum, varnarsamningurinn við Bandaríkin og aðildin að NATO, sambúð Íslands við völdugasta ríki heims og samskiptin við evrópskar bandalagsþjóðir – í rauninni staða Íslands á baráttuvelli heimsmálanna.

Vali tekst einkar vel að flétta saman þessa margslungnu atburðarás og frásögn hans vekur okkur líka til umhugsunar um hve farsælega tókst að leiða þessi mál til lykta þrátt fyrir hatrömm átök og mikla hörku í glímunni hér innanlands. Ísland stóð vel að vígi þegar upp var staðið. Réttur okkar til 50 mílna og síðan 200 mílna varð innan tíðar alþjóðalög og sambúð Íslands við Bandaríkin, Breta og aðrar bandalagsþjóðir í Evrópu og reyndar líka Sovétríkin féll fljótlega í farveg sem varð okkar litlu þjóð á margan hátt til framdráttar. Þá niðurstöðu ber að hafa í huga ef lesendur ætla sér að dæma forystumennina sem Valur fjallar einkum um í verki sínu.

Reyndar mætti lengi telja atriði og upplýsingar sem fróðleg eru og forvitnileg og mér fannst þegar ég fletti bókinni á ný nú í vikunni til dæmis athyglisvert hvað sagt er um fyrirrennara mína, einkum í ljósi nýlegra umræðna um hvaða venjur hafi ríkt um málflutning og athafnir forsetanna. Þannig mætti lengi tína úr kistu Vals ýmis gull sem erindi eiga í umræðu dagsins.

Tilraunir höfundar til að skýra hina íslensku atburðarás með tilvísun til ýmissa kenninga sem sett hafa svip á fræðilega umfjöllun á alþjóðavettvangi eru að vísu bæði nýstárlegar í íslensku samhengi og skemmtilegar en ég er ekki viss um að það bæti miklu við skilning okkar og geti jafnvel leitt lesendur á villigötur.

Lýsingin í niðurstöðukafla um að barátta „efnahagsauðmagnsins“ og „menningarauðmagnsins“ hafi tekið á sig ýmsar myndir á tímabili 1960 – 1974 virðist mér frekar til þess fallin að flækja myndina en gera greininguna skýrari, enda standa efnislegar niðurstöður án þess að þeim sé skipað á slíka bása. Ég er heldur ekki viss um að rétt sé að skýra sigur Sjálfstæðisflokksins 1974 á þann hátt að „flokkurinn hafi unnið að því síðan sumarið 1973 að rétta af „menningarauðmagnshallann“ með því að taka frumkvæði í landhelgismálinu í fyrsta sinn í rúmlega tuttugu ár“ eins

og segir á bls. 336. Fróðlegt er þó það sem höfundur segir um stofnanakenninguna og lýðræðisfriðinn, en mér finnst umfjöllunin um kenningarsmiði á sviði þjóðernisstefnu og móðernistana vera of stuttaraleg til að bæta veigamiklum þáttum í skilning okkar á þessu tímabili Íslandssögunnar. Sama gildir reyndar um tilvísanir til póstmóðernista og femínista.

Þessi kenningarlega umræða sem að vísu skipar ekki mikið rúm í ritinu virkar frekar sem skraut en grundvöllur að réttum skilningi. Hún gæti þó orkað tvímælis ef lesendur færu að sjá atburðarásina fyrst og fremst af sjónarhorni kenningasmiðanna. Í rauninni stendur verkið alveg án þessara kenningarlegu tilvísana en ég veit að slíkar tilvísanir eru nú um stundir nánast óhjákvæmileg tíska í fræðunum.

Þegar fyrri bók Vals, *Í eldlínu kalda stríðsins*, kom út hvatti ég á Sögubingi til þess að umræður yrðu um þá greiningu á Íslandssögunni sem þar birtist og sama má einnig segja um þetta nýja verk. Umfjöllunin hér í dag er vissulega skref í þá átt en raunar finnst mér að svo merk sagnfræðiverk verðskuldi mun meiri umræður en orðið hafa ef við á annað borð viljum öðlast raunhæfan skilning á örlögum Íslendinga á nýliðinni öld.

Það er mér ánægjuefni að fá að leggja slíkri umfjöllun lið og ég vona að verk Vals Ingimundarsonar og annarra mikilhæfara íslenskra fræðimanna leiði til þess að vitund þjóðarinnar um eigin sögu verði í senn vakandi og raunsönn. Aðeins á þann hátt getur hún orðið okkur leiðarljós í framtíðinni.